

Fimmtudagurinn 28. maí 1998 kl. 10:00

111. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 18/1998

**Erindi Helga Steingrímssonar um endurupptöku
ákvörðunar samkeppnisráðs nr. 16/1996**

**I.
Erindið**

Samkeppnisstofnun hefur borist erindi, dags. 28. janúar 1998, þar sem Helgi Steingrímsson óskar eftir endurupptöku máls vegna kvörtunar Lífs og Sögu ehf. yfir fyrirhugaðri útgáfu Miðlunar ehf. á bókinni *Dear Visitor*.

Í erindi Helga segir: „*Tilefni þessara skrifa er að ég er vændur um að hafa villt á mér heimildir í viðskiptum skv. úrskurði Samkeppnisstofnunar (sic) og fer hér með fram á endurupptöku málsins.*“

Í erindinu rekur Helgi að hann hafi hafið störf hjá fyrirtækinu Lífi og sögu í nóvember 1993. Verkefni hans hafi verið að ritstýra, fjármagna og dreifa hótelbókinni *Gesti*. Hafi verkefnið tekist með ágætum fyrir árin 1994 og 1995. Hann hafi hætt störfum hjá fyrirtækinu í nóvember 1995 og hafið störf hjá Miðlun skömmu síðar.

Þar hafi hann fengið það verkefni að gefa út aðra og betri hótelbók en áður og af hálfu Miðlunar hafi verið litið svo á að örugglega yrði ekki um neina samkeppni að ræða þar sem líklegt væri að Líf og saga myndi hætta útgáfu *Gests*. Nýja bókin hét *Dear Visitor* og var gefin út af Miðlun. Útgáfa og fjármögnun bókarinnar var í höndum Helga. Leitaði hann til sömu aðila og auglýst höfðu og skrifað greinar í *Gest* árin 1994 og 1995. Í erindinu kemur fram að hann hafi í upphafi ekki vitað að Líf og saga hygðist gefa út *Gest 1996* og því ekki tekið fram við viðskiptavini að um samkeppni yrði að ræða á markaðnum. Eftir að honum hafi orðið það ljóst hafi hann svarað játandi spurningum um það hvort um samkeppni yrði að ræða. Þá segir í erindinu:

„Pegar í byrjun janúar 1997 – eða þegar ljóst var í hvað stefndi, hófust stanslausar árásir framkvæmdastjóra Lífs og sögu á mig persónulega og var allt gert til að tortryggja mig í augum viðskiptavina...“

Vissulega lítur það ekki vel út þegar maður hættir hjá einhverju fyrirtæki og fer í beina samkeppni við það með sömu hugmynd og nýtur þeirra sambanda og reynslu sem hann öðlaðist hjá fyrri vinnuveitendum... Í upphaflegum samningum mínum við Líf og sögu voru engin ákvæði um takmörkun á heimild minni til að vinna fyrir samkeppnisaðila...“

Fyrir kom að ég hitti nýja aðila... í þessum geira, og sýndi mörgum öðrum af mínum viðskiptavinum Gest 1995, aðeins sem mitt handverk og var stoltur af, enda kynnir þú þig af því sem þú hefur gert og – sýnir það. Gestur 1995 var mitt handverk og mín vinna og folk þarf að sjá ásamt því að heyra.“

Í erindinu kemur fram að upplýsingar um dreifingu *Dear Visitor* hafi miðast við heilsárgistirými á Íslandi. Þá getur Helgi þess að fjórir aðilar hafi lýst því yfir að hann hafi villt á sér heimildir fyrir beiðni og þrýsting frá Lífi og sögu. Helgi lýsir í erindinu samskiptum sínum við þessa aðila og tekur fram að Arnór L. Pálsson hjá bílaleigunni ALP hafi dregið yfirlýsinguna til baka.

Að lokum segir í erindinu:

„Bókin Dear Visitor var gefin út með samþykki allra greinahöfunda og ljósmyndara en samt tókst Lífi og sögu, með því að hóta málsókn, að strá óheillafræjum í huga þeirra sem að málínu koma og almennings með þeim hætti að staðan er ein og hún er í dag – og þeir eru enn að hóta.“

Lokaorð míni eru að aldrei var um að ræða neitt samningsbrot af minni hálfu gagnvart Lífi og sögu og þess er hér með farið á leit við Samkeppnisstofnun að mál mitt verði tekið upp að nýju og fái málefnanlega meðferð sem grundvallast á sjónarmiðum aðila, málsatvikum og þeim gögnum sem fylgja þessu erindi.“

II.

Niðurstaða

1.

Ákvörðun samkeppnisráðs í máli því sem Helgi Steingrímsson óskar hér enduruptöku á er nr. 16/1996, ákvörðunarorðið hljóðar svo:

„Samkeppnisráð telur að Miðlun ehf., Ægisgötu 7, Reykjavík, hafi með viðskiptaháttum sínum við kynningu og sölu á fyrirhugaðri útgáfu Dear Visitor brotið gegn ákvæðum 20. og 21. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993. Miðlun ber að gæta bess vandlega í viðskiptum sínum að skýrt komi fram að Helgi Steingrímsson standi ekki lengur að ritinu Gesti.“

Miðlun áfrýjaði ákvörðun samkeppnisráðs til áfrýjunarfndar samkeppnismála sem staðfesti ákvörðunina með úrskurði nr. 8/1996.

Niðurstaða samkeppnisráðs grundvallaðist á þremur atriðum:

1. Í dreifibréfi Miðlunar var fullyrt að gerðir hafi verið samningar um dreifingu *Dear Visitor* til rúmlega 70% hótel- og gistiherbergja á Íslandi. Samkeppnisráð taldi ljóst miðað við tölur frá Hagstofu Íslands að fullyrðingin stæðist ekki. Við fyrri málsmeyferð upplýsti Miðlun ekki hvernig þetta dreifingarhlutfall væri fundið út. Helgi Steingrímsson hefur nú í erindi sínu sýnt hvernig dreifingin var reiknuð út og gerir samkeppnisráð ekki athugasemdir við þær upplýsingar.
2. Líf og saga taldi að Helgi hafi við markaðssetningu *Dear Visitor* gefið í skyn að hann væri að kynna *Gest*. Þessu til sönnunar voru lagðar fram yfirlýsingar frá þremur aðilum þar sem samskiptum þeirra var lýst við Helga. Ein þessara yfirlýsinga var frá Arnóri L. Pálssyni hjá bílaleigunni ALP. Í erindi Helga Steingrímssonar kemur fram að Arnór hafi dregið yfirlýsingu sína til baka.
3. Í samkomulagi Miðlunar og ýmissa hótela um fyrirhugaða útgáfu *Dear Visitor*, frá 8. desember 1995, segir m.a.: „Einnig er markmiðið að reyna að tryggja dreifingu á Hótel Sögu og Hótel Holti þrátt fyrir að þessi hótel hafi ekki verið með í dreifingu árið 1995.“ Þarna er vísað í dreifingu á árinu 1995 en það ár var *Gestur* gefinn út hjá Líf og sögu en *Dear Visitor* var ekki til þá.

Í niðurstöðum samkeppnisráðs með ákvörðun nr. 16/1996 segir síðan:

„Með tilliti til þess starfs sem Helgi Steingrímsson hafði með höndum fyrir kæranda, þ.e. útgáfu Gests, er það mat Samkeppnisráðs að Miðlun og starfsmaður hans, Helgi Steingrímsson, beri að gera glögga grein fyrir því á hvers vegum hann sé og hvað hann sé að selja er hann kemur fram fyrir hönd þeirra.

Með tilliti til þeirra gagna sem fyrir liggja verður að telja að viðskiptaaðferðir Miðlunar hafi verið villandi gagnvart viðskiptavinum og ósanngjarnar gagnvart kæranda. Miðlun hefur ekki, með skýrum hætti, látið koma fram að um aðra útgáfu væri að ræða en þá sem Helgi Steingrímsson hafði unnið að síðastliðin tvö ár. Þá hafi þeir með margvislegum hætti villt fyrir væntanlegum viðskiptavinum, svo sem með yfirlýsingum um að þeir muni reyna að tryggja dreifingu á hótelum sem ekki voru með í dreifingu á árinu 1995 en þá var einungis um bók kæranda að ræða. Miðlun hefur því að þessu leyti við sölu og kynningu fyrirhugaðrar útgáfu á Dear Visitor brotið gegn góðum viðskiptaháttum í atvinnustarfsemi, sbr. 20. gr. samkeppnislag.“

Samkeppnisráð telur að þrátt fyrir nýjar upplýsingar í erindi Helga Steingrímssonar hafi ekkert það komið fram sem breytt hefði fyrri niðurstöðu samkeppnisráðs.

2.

Í 24. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, er kveðið á um endurupptöku mála eftir að stjórnvald hefur tekið ákvörðun. Greinin hljóðar svo:

„Eftir að stjórnvald hefur tekið ákvörðun og hún verið tilkynnt á aðili máls rétt á því að mál sé tekið til meðferðar á ný ef:

1. ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik, eða
2. íþyngjandi ákvörðun um boð eða bann hefur byggst á atvikum sem breyst hafa verulega frá því að ákvörðun var tekin.

Eftir að þrír mánuðir eru liðnir frá því að aðila var tilkynnt um breytingu á atvikum þeim sem ákvörðun skv. 1. tölul. 1. mgr., eða aðila var eða mátti vera kunnugt um breytingu á atvikum þeim, sem ákvörðun skv. 2. tölul. 1. mgr. var

byggð á, verður beiðni um endurupptöku máls þó ekki tekin til greina, nema að fengnu samþykki frá öðrum aðilum málsins. Mál verður þó ekki tekið upp að nýju ef ár er liðið frá fyrrgreindum tímamörkum nema veigamiklar ástæður mæli með því.“

Samkeppnisláð telur ljóst af málsatvikum þessa máls að ákvörðun ráðsins nr. 16/1996 hafi ekki byggst á ófullnaegjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik, né hafi atvik breyst verulega frá því að ákvörðun var tekin.

Tvö ár eru liðin frá því að samkeppnisláð tók umrædda ákvörðun og áfrýjunarnefnd samkeppnismála hefur staðfest ákvörðunina. Tímamörk skv. 24. gr. eru liðin og samkeppnisláð telur að ekki hafi komið fram veigamiklar ástæður sem mæli með endurupptöku málsins. Málið verður því ekki tekið upp með vísan til 24. gr. stjórnsýslulaga.

III. Ákvörðunarorð:

„Samkeppnisláð hefur kynnt sér rök Helga Steingrímssonar og yfirfarið þau gögn sem Helgi hefur lagt fram til stuðnings beiðni um endurupptöku á ákvörðun nr. 16/1996.

Samkeppnisláð telur að ákvörðun ráðsins nr. 16/1996 hafi ekki byggst á ófullnaegjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik né hafi hún byggst á atvikum sem hafi breyst verulega frá því að ákvörðunin var tekin. Þá eru tímamörk liðin. Ljóst er því að skilyrði 24. gr. laga nr. 37/1993 um rétt til endurupptöku máls eru ekki uppfyllt og telur samkeppnisláð ekki ástæðu til endurupptöku eða afturköllunar ákvörðunarinnar. Með vísan til framangreinds hafnar samkeppnisláð því beiðni Helga Steingrímssonar um að ákvörðun ráðsins nr. 16/1996 verði endurupptekin.“